

Stella standlyftari



Styttar notkunarleiðbeiningar

1. Festið beltið á skjólstæðinginn. Mikilvægt að festa báðar ólarnar utan um hann. Passið að handleggir einstaklingsins séu fyrir utan beltið.
2. Setjið lyftarann fyrir framan skjólstæðinginn, aukið bilið milli undirstöðuarma með fjarstýringu ef þörf krefur og aðstoðið skjólstæðinginn við að setja fætuna á fóthvéluna þannig að hnéin nemi við hnjápúðann. Setjið hjólabremsuna á.
3. Festið fótabelti sem er við hnjápúðann utan um báðar fætur.
4. Lækkið stuðningsarmana niður í neðstu stöðu.
5. Festið beltið með því að setja lykkjuna fyrir ofan krókinn þegar hann er í opinni stöðu. Togið lykkjuna niður þannig að krókurinn lokist. Biðjið skjólstæðinginn að halda sér í stuðningsarmana.
6. Notið fjarstýringuna til að lyfta skjólstæðingnum upp í standandi stöðu. Biðjið hann að halla sér aftur í beltið.
7. Losið bremsuna, minnkið bilið milli undirstöðuarma og flytjið skjólstæðinginn í stól, rúm eða á salerni.
8. Færið skjólstæðinginn fyrir framan stól, rúm eða salerni þannig að aftanverðir fætur hans nemi við stólinn og slakið honum niður í setstöðu.
9. Losið beltisfestingarnar.
10. Fjarlægið lyftarann. Gætið þess að losa öryggisbelti af við kálfa/fætur skjólstæðings og takið fætuna af fóthvélunni.
11. Takið beltið af skjólstæðingnum.

ATH! Upplýsingar sem hafa ber í huga áður en lyftarinn er tekin í notkun er að finna í ítarlegum leiðbeiningum sem fylgir lyftaranum.

Festið beltið með því að setja lykkjuna fyrir ofan krókinn þegar hann er í opinni stöðu. Togið lykkjuna niður þannig að krókurinn lokist.



- Lyftiarmur
- Handföng
- Fjarstýring
- Stjórnborð með rafhlöðum
- Mastur
- Hnéstuðningur
- Mótor
- Stefnulás
- Hlíf fyrir rafbúnað
- Undirstell